

næmdist hún og leit í kring um sig. Allir voru í önnum. Hún hikaði eitt augnablik; en svo fór hún niður í káetuna, sem var koldimm.

"Er þetta skipstjórinn?" spurði rödd í myrkrinu. "Til hvers erum við að stanza hér?"

Ungfrú Gething svaraði engu.

"Hver er þetta?" var spurt aftur.

"Þey, þey!" sagði hún.

"Hvað er að?" var spurt lágt.

Ungfrú Gething beið eftir því, að hún heyrði aðra rödd, en hún heyrði ekkert nema andardrátt annars manns, að hún hélt.

"Faðir minn!" hrópaði hún alt í einu. "Þetta er eg, Anna, dóttir þín! Hvar ertu?"

Það var kallað hátt á móti hinum megin í káetunni, og í myrkinu sá hún mann rísa upp og koma stökkvandi til sín. Hún var gripin í sterka arma og hún fann langt og úfið skegg leggjast við vangann á sér. Hún vafði handleggjunum utan um hálsinn á manninum og slepti ekki takinu.

"Svona, barnið mitt," sagði Gething loksins.

"Það var rétt tilviljun, að við náðum í þig aftur," sagði hún. "Skipið, sem þú straukst af, er hér fast hjá. Hvernig stóð á því, að þú fórst af því?"

"Eg veit það varla," sagði faðir hennar.

"Þú hefðir átt að vita, að eg mundi ekki stofna þér í hættu," sagði hún blíðlega. "Farðu nú í treyjuna þína og komdu með mér."

Hann gerði eins og fyrir hann var lagt, en hikaði augnablik, eins og hann ætlaði að segja eitt-hvað við Tillotson; hætti samt við það og fylgdi dóttur sinni upp á þilfarið.

"Eg er hættur við að sigla með þér," sagði